

Halldór Eiríksson:
Vígvellir og Samræður

Formáli

Grein þessi eru unnin upp úr fyrirlestri fluttum við Oregon Háskóla vorið 2005 sem bar yfirskriftina “Battlefields and Dialogues” og held ég mig við þann titil. Sá fyrirlestur spratt jöfnum höndum úr námskeiðinu “Laugavegurinn” sem ég kenndi ásamt Guju Dögg Hauksdóttur við Hönnunardeild LHÍ vorið 2004 og úr fyrirlestri sem við höldum það sama vor á ráðstefnunni “Technology in Society – Society in Technology” við Háskóla Íslands. Þessi grein á sér þess vegna langan aðdraganda og er byggð á hugmyndum og sköpunargáfu margra og umræðum við það fólk sem tók þátt í þessum viðburðum með mér. Hún er myndskreytt m.a. með verkum nemenda úr áðurnefndu námskeiði sem sýnir ágætlega mikilvægi þeirra í þessu hugsanaferli öllu. Kann ég öllu þessu fólki bestu þakkir fyrir.

Tilviljanir og ósamheldni

“Svo er gerð bygginga
verst, að hvorki sé
ráðandi ein né nein
tegund stílmennningar,
heldur
handahófseftiröpun,
flumbrulegar stælingar,
skynlausar afbakanir; um



byggingar, sem eru seldar undir þessa sök, má segja, að þær vitni fyrst og fremst um fjarvistir alls, sem menning getur heitið, að maður nú ekki tali um smekk” *Halldór Laxness*.

“I like complexity and contradictions in architecture. I do not like the incoherence or arbitrariness of incompetent architecture.” *Robert Venturi*

Þeir eru sammála félagar í skoðunum, Halldór og Robert hvað varðar tilviljun og ósamheldni í arkitektúr. Ég er þeim sammála í þeim efnum, en þessi grein er ekki um arkitektúr, heldur borgir, eða réttara sagt, götu; Laugavegin og það menningar- og borgarfræðilega fyrirbæri sem hann er.

Borgarfræði (urbanism) er mun víðtækara viðfangsefni en arkitektúr. Yfirvegun og markviss hönnun eru lykilatriði í skipulagi borgarrýma, þ.e.a.s. því sem felst í rýmis- lögfræði- og efnislegri uppbyggingu þeirra. Þegar skipulagi hinsvegar lýkur og íbúar flytja inn, tekur borgarfræðin við. Það er hin lýðræðislega nýting borgarrýmisins, þegar íbúar og notendur þess móta það, árum og áratugum saman og þróa sem lifandi borgarmynd. Þar eiga sér stað töfrar sem oft virðast einmitt helst snúast um ósamheldni og tilviljunarkennd.

Laugavegurinn er gott samfélagsrými. Þá er ég ekki að segja að hann geti ekki orðið betri, en hann er góður. Umræða síðustu vikna um framtíð hans vitnar ekki bara um þrönga eiginhagsmunagæslu með og á móti, heldur sýnir að það er raunverulegur áhugi á viðgangi Laugavegar sem almannarýmis.

Við höfum nóg af dæmum úr miðbæjum í öðrum löndum þar sem lykilgötur, eins og Laugavegurinn, eru í niðurníðslu og hafa með minnkandi verslun, misst stöðu sína sem virkt almannarými. Síðustu áratugi hafa margar borgir eytt gríðarlegum fjármunum í að reyna að skapa þau almannarými að nýju, með misjöfnum árangri. Í flestum tilfellum er orsökkin, nokkuð einfölduð þó, rakin til nýrra verslunarkjarna, bílisma og færslu miðstéttarinnar í úthverfin.

Sérstaða Laugavegsins felst að hluta til í því að hann hefur, þrátt fyrir “dauða” verslunar við götuna, viðhaldið sessi sínum sem borgararými Reykvíkinga og raun íslendinga allra: Meðan áratuga gamlar hefðir skrudgangna á 17.júní og kröfugangna á 1.maí virðast vera að syngja sitt síðasta hafa aðrar göngur tekið við; s.s. Gay Pride og Friðarganga á Þorláksmessu sem árlegir viðburðir, auk sértækra viðburða eins og Fiðrildagöngu Unifem og göngu Ómars Ragnarssonar og stuðningsmanna um árið til verndunar Íslandi. Það er svo allt til viðbótar við formlegt hlutverk hennar á Menningarnótt og Þorláksmessu sem samkomurými. Lækjargatan, eða Austurstrætið hefðu auðveldlega getað tekið við kyndlinum. Gay Pride gangan væri stórfengleg niður Sóleyjargötuna, framhjá Hljómskálagarðinum og tjörninni inn Lækjargötuna, alveg á sama hátt og Lækjargatan skapar glæsilegt umhverfi fyrir Reykjavíkur Maráþon, keppendur og áhorfendur, því ekki er auðvelt að vera áhorfandi við Laugaveg. Hann hefur

hinsvegar að þrátt fyrri annmarka sína, haldið þessum sess og jafnvel heldur eftir hann. Það er því ljóst að almannarýmið dó ekki með verslunarrýminu, og jafnvel heldur efldist ef eitthvað var, og í því, og þeirri þróun sem fylgdi í kjölfarið, felst einstök sérstaða Laugavegsins meðal sambærilegra gatna.

Það þurfti sérstakar aðstæður til.

Laugavegurinn verður til við það að íslenskur verslunar- og þjónustuiðnaður fer að byggjast upp meðfram reiðleiðinni inn til Reykjavíkur, á svipaðan hátt og Strip-mall nútímans¹. Strax við þessar aðstæður, skapast ákveðið skipulagslegt frelsi þess afskipta. Enginn reynir að koma reglu á hlutina; hús rísa, eru stækkuð, lyft, jafnvel færð aftur í lóðina svo annað megi rísa framar. Í stuttu máli þéttist og fyllist í byggðina eftir því sem árin líða og gatan veltir að lokum Kvosinni úr sessi sem verslunarkjarni Reykjavíkur. Fyrsta verslunarmiðstöðin í beinni samkeppni við Laugavegin rís 1985, sem er umtalsvert seinna en annarstaðar. Sú seinkun gerði það að verkum að við þekktum bitra reynslu annarra borga af hnignun miðbæja, þegar einkennanna fór að gæta hér. Því var ákveðin meðvitund um hættuna var til staðar. Sú meðvitund var tvíþætt; “Nýja borgarstefnan²” og aðrar hugmyndir um endurnýjun eldri borgarrýma var kunn hérlandis, bæði í hópi verndarsinna og verktaka. Því skapaðist hér á næstu 13 árum eins konar Limbó ástand við Laugavegin. Allir trúðu á framtíð hans, bara ekki endilega á sömu forsendum. Verslunarfjármagnið sá þarna fyrir sér hið íslenska Oxford stræti, ýmist yfirbyggt eða ekki, en aðgerðir voru flóknar; því einn hópur var harður í trú sinni á menningargildi miðbæjarins, og í þeim miðbæ var ekki rými fyrir margra hæða stórvaxin verslunarhús. Sá hópur var grasrót íbúa miðbæjarins, með Bernhöftstorfuna og trú á menningargildið að leiðarljósi, en ekki síður ótta við þær samfélagslegu breytingar sem stórtækar framkvæmdir gætu leitt af sér. Við það bættist að deiliskipulag var ekki til og því óvissan um rétt manna mikil.

Framkvæmdaaðilar gátu ekki ákveðið hvort Laugavegurinn væri vænlegur, urðu tvístígandi, þarna voru sannarlega vænlegar lóðir, en áttu þær framtíð, hvað ætti að rísa og ekki síst, hver yrði afstaða nágrannanna? Enda reyndist það mörgum erfiður ljár í þúfu að koma upp nýjum byggingum við götuna.

Þar með leið allnokkur tími afskiptaleysis við götuna, meðan jaðar borgarinnar þandist út. Endurnýjun bygginga var í lágmarki, leiguverð lækkaði og húsnæðið missti vægi sitt. Laugavegurinn “dó” sínum margfræga dauða. Sögurnar af dauða hans voru, eins og málverksins, nokkuð ýktar. Verslun við Laugavegin sannarlega dróst saman, eflaust samkvæmt hvaða mælikvarða sem menn nota, en í staðinn kom svo margt annað – ólíkar hugmyndir og gildi um hvað eigi erindi í hjarta borgarinnar.

¹ Sjá áður nefndan Venturi, Scott Brown og Izenour: “Learning from Las Vegas”.

² New Urbanism

Fyrst ber að nefna krár en fjöldi þeirra jókst við götuna³. En breytingin gaf fleiri aðilum færi á aðstöðu á þessum mikilvæga stað; veitingastaðir, grasrótarbúðir, félagasamtök, söfn fóru að birtast við götuna: Samtökin '78, Móanóra, Reðursafnið, BakaTil, Safn, Te og Kaffi, Unifem. Á þessum tíma benti verslunareigandi með uppbyggingametnað við Laugaveg að 70% af verslunum þar gætu aldrei fengið inni í verslunarmiðstöðvum. Í hans huga var það sannarlega dæmi bágrar stöðu götunnar, en til að komast að slíkri niðurstöðu þarf mjög þröngan sjóndeildarhring.

Við þessar aðstæður myndaðist limbó, eða einhverskonar undirþrýstingur við Laugavegin. Hann var í forgrunni í ræðu og riti, en framkvæmdir voru litlar. Hvað byggingalegar framkvæmdir varðar varð hann aftur afskiptur og upp rann að nýju tími hinna litlu breytinga, þar sem breytingaæiningarnar voru einstök hús, einstakar hæðir, eða bara á innvolsi, skiltum og litum. Grasrótin blómstraði og “eignarhald” verslunarinnar og borgarastéttarinnar á Laugaveginum laut í gras rótarinnar sem fór að spretta í mörgum hornum götunnar. Þannig varð gatan ekki einskismannsland heldur vígvöllur, samræða, þar sem fjöldi ólíkra hópa gerði tilkall til eignarhalds á svipaðan hátt og við upphaf hans, við þær aðstæður kallast hin ólíku sjónamið á í gegnum tákn og táknmyndir göturýmisins.



Táknheimur götunnar

Á sama hátt og við lesum gildi út úr samhengi orða í texta, lesum við gildi út úr samspili tákna og táknmynda⁴ í hinu byggða umhverfi. Þessi tákn eru af margvíslegum toga, allt frá hinu byggða umhverfi til verslunartegunda, plaggata, mannlífs, grafískra tákna(lögmætra sem ólögmætra) og jafnvel fjöldi tyggjóklessa á gangstéttum. Á sama hátt og við skilgreinum okkur sjálf og aðra með táknum; föt, bílar, bækur sem við lesum, hvað við gerum í frístundum. Þá metum við það umhverfi sem við finnum okkur í á hverjum tíma. Það er því

³ Þess ber þó að geta, það hélst einnig í hendur við aðrar breytingar á skemmtanamunstri Reykvíkinga, en á þessum sama tíma hurfu stóru úthverfaskemmtistaðirnir; Sigtún, Klúbburinn, Broadway, Hollywood og því ekki augljóst að barirnir hafi einfaldlega verið að fylla tómarúm sem myndaðist við brotthvarf verslana, heldur voru þeir hugsanlega að bregðast við annars konar breytingu fyrst og fremst. Það er því ekki alveg víst að það sé einfaldlega hægt að spyrða vöxt kránna við hnignun verslunar og sem hluta af “eðlilegri” miðbæjarhnignun.


⁴ E. Signs and symbols.

mikil einföldun að einblína eingöngu á hið byggða form, þar með talin yfirborðsefni og landslagsþætti, þegar meta á hvað gerir borgarrými að góðum samfélagsrýmum, til þess eru þau einfaldlega of lítill þáttur af (borgar) rýmisupplifun okkar.

Skoðum aftur þetta með lýðræðislega borgarmynstrið. Þar er ég ekki að tala um lýðræði sem slíkt; kosningar, borgarstjórn eða framkvæmdarvald, heldur þá lýðræðislegu hugmynd sem byggir á jöfnuði, frelsi og bræðralagi – um frelsið til að tjá og lifa eftir gildum sínum.

Laugavegurinn talar til okkar í táknum sínum og táknmyndum um ólík gildi. Gildi sem hvergi annar staðar í borgarrýminu fá að takast á á jafn skýran og kraftmikinn hátt og við þessari götu sökum þeirra sérstöku sögu sem rakin var hér að undan. Ef við rýnum nánar í sum af þessum gildum, verður eðlið hugsanlega skýrara.

Í fyrsta lagi staðsetur gatan notandann á mjög skýran hátt. Lega hennar er skýr, inn í og út úr miðbænum. Maður skilur vöxt hennar og hvernig hún tengir miðbæjarkjarna á nesi við hið stærra eyland. Göngumanni er stöðugt vörðuð leiðin með sjónlínunum til Esju niður þvergötur og upp að Hallgrímskirkju, ýmist upp götur eða milli húsa. Þessar landfræðilegu staðreyndir eru mikilvægar því það hversu sterkt gatan staðsetur sig í landslagi og sögu borgarinnar er lykilþáttur í sálrænni stöðu hennar.



Það er gríðarlega mikilvægt við upplifun á Laugaveginum hversu óljós mörk einka- og almannarýma er, undirgangar og innskot, bjóða forvitnum inn, þar sem engin leið er að vita hvort leiðin endi við snúrustaura íbúa í bakhúsi, eða í lítilli tiskuvöruverslun, eða jafnvel að undirgöngin endi sem opinber gönguleið yfir í næstu götu. Sumar hurðir eru einka, aðrar að búðum, menningarstofnunum, verslunum eða félagasamtökum, sama gildir um glugga. Á Laugaveginum

krossast einka- og almenningsskýmið, og vegna þess hversu mikið almenningsskými gatan er, er krossunin þeim mun ýktari. Þessi óljósu mörk valda flæði og togstreitu, það sem er í eðli sínu einkarými er í einhverjum skilningi almannarými, íbúi í eldhúsglugga verður táknmynd borgarbúa, í þessu samhengi.



Nikulás Úlfar Músson hefur nefnt það að við Laugavegin sé fulltrúar allra húsagerða sem byggðar hafa verið á Íslandi utan torfbæjar og er ekki ástæða til að draga það í efa – og í raun mætti ætla að fulltrúarnir væru enn fleiri. Gildin sem þessi fjölbreyttu hús hampa í tilveru sinni eru ekki bara byggingalistalegs eðlis, heldur fjalla þau um efnahagssöguna, þroskaferla, húsa og manna og um hugmyndir manna um borgina. Kjörgarður og Laugavegur 66-68 eru fulltrúar ákveðnar hugmyndar um það hvernig borgarrýmið ætti að þróast, meðan Te og Kaffi í sólríku bakhúsi, greinir frá allt annarri hugmynd um borg og borgarlíf.



Það er ábyggilega gríðarlega sérkennileg upplifun fyrir gest í borginni að sjá annarsvegar gríðarlega fínlega unna hellulögn í ýmsum litum með snyrtilegum grænum götuhúsgögnum og hinsvegar niðurnýdda húskumbalda með Rauðakrossbúðum. Hvernig skilur maður slíka götu? Hvernig skilja Íslendingar slíka götu? Gata þar sem búð með úrvals og hágæða eldhúsbúnað þrífst góðu lífi



nokkrum húsum frá húðflúrastofu – þar sem tískuvöruverslun og

1b.jpg klámbúlla (þó tímabundið) koma hvor á eftir annarri í sama húsnæðið. Þetta eru sumar af hinum þöglu táknum sem við þurfum að túlka og greina. Og hvernig gengur svo greiningin? Hvergi í

borginni má finna jafn breiða flóru af borgarbúum á ferð, hvort sem miðað er við aldur, tekjur, eða tilgang verunnar í borginni. Og þeir setja mark sitt á hana. Það er hinsvegar eðli einstaklingsathafnanna í borgarumhverfinu að þeir yngri eru athafnasamari heldur en þeir eldri og því sést það í húsasundum á göflum og víðar, á þeim fjölda plaggata og grafi að ákveðnir hópar upplifa Laugavegin sem “sitt” heimasvæði. Meðfylgjandi mynd er ágætt dæmi; þjóðernið, Kárahnjúkar og bandarískar bíómyndir hrærast saman í einni einfaldri skyndimynd. Sömuleiðis sýna bannskiltin, nýmáluðu veggirnir og greinarnar í blöðunum að það eru aðrir hópar sem telja götuna til sinnar eignar⁵. Veitingamenn glíma við íbúa um ónæði og lykt; Kráareigendur við búðareigendur um umgengni og öryggi. Kattareigendur við hundaeigendur; leigjendur við leigusala; verktakar við íbúa; sígaunar án Listahátíðar við Dómsmálayfirvöld. Allt eru þetta samræður og vígvellir sem skilja eftir mark sitt á götumyndinni, og ekki bara nú, heldur fram eftir öldunum tveimur eða svo sem gatan hefur verið byggð.

Það er rétt að undirstrika það að ég tala um að Laugavegurinn sé gott borgarrými. Ég segi ekki að hann sé fagurt eða aðlaðandi rými í klassískum skilningi. En þessi umræða er einmitt um það að lýðræðislegt samfélagsrými er í eðli sínu ósamstætt og tilviljunarkennt og þar af leiðandi ekki fagurt í þeim skilningi. Það getur skapast lýðræðisleg sátt um að vernda bæjarhluta, eða byggja nýtt frá grunni í stað gamals bæjarhluta, en þá er óhjákvæmilega fækkað í raddsviði lýðræðisins á viðkomandi stað, ákveðin gildi hljóta forgang og öðrum er úthýst. Því er það svo, að metnaðarfull skipulög nú til dags eru stöðugt að

⁵ Það hvort eignarhluti annars hópsins sé betri heldur en hins verður ekki lagður dómur á hér, enda verið að ræða hið fjölradda en ekki leggja gildismat.

reyna að skapa hinn gullna meðalveg; að gefa heildstætt yfirbragð, en á sama tíma að tryggja sveigjanleika og fjölbreytni – markmið sem er í raun jafn háleitt og það er vonlaust⁶.

Niðurlag



Ástæða þess að Laugavegurinn hefur haldið vægi sínu, en ekki orðið önnur Hverfisgata, er þessi áþreifanlega samræða gilda, ekki bara í nútíð, heldur ekki síst í þátíð. Þetta er hin lýðræðislega gata, þar sem samræður samfélagsins eiga sér stað. Það er sérkennilegt, miðað við annað eðli Reykjavíkur, hversu áköf samræða gildanna er á Laugaveginum, hann er heimsborgin Reykjavík, og það er það sem ég tel erlenda gesti skynja og heillast af við götuna, og er afrakstur þeirrar sérstöku sögu síðustu áratuga sem ég reyndi að draga saman hér á undan.

Það er hinsvegar óhjákvæmileg staðreynd, að ástand, eins og ég hef hér lýst, er í eðli sínu óstöðugt. Þetta er limbó, biðstaða sem verður þegar engin ein hugmynd


verður ofaná, eða þegar aðstæður verða þess valdandi að ríkjandi hugmyndir ná ekki að setja mark sitt á umhverfið. Þessu ástandi götunnar mun ljúka. Annað hvort hnignar henni (enn frekar myndu sumir segja) og í kjölfarið missa sinn sálræna sess, eða að verslun og þjónusta þar, fari að vera í “hefðbundnu” samræmi við táknrænt mikilvægi hennar og staðsetningu í borginni.

Hin ríkulega flóra gilda sem gefa Laugaveginum gildi sitt er í raun stjórnleysi, með þeim fjölda, almennt séð, neikvæðra gilda sem því tilheyra, þar sem óreiða og sundurlyndi eru bara tvö. En í þessum gildum liggur borgareðlið, hvort sem það er í Kolaportinu, Laugaveginum eða Manhattan, þá er það þessi spenna,

⁶ Það má vel vera að möguleiki sé á slíku jafnvægi í nýju hverfi en það er þá sökum þess að íbúar eru í sjálfu sér tiltölulega afmarkaður hópur hvað varðar lífsviðhorf og aldursbil og markmið og gildi viðkomandi hverfis, alla veganna eins og þau gerast á Höfuðborgarsvæðinu, eru þröngt skilgreind.

Þessi árekstur, umræða, vígvöllur sem endurspeglar hið mannlega samfélag sem við, þrátt fyrir allt, erum að sækjast eftir í borgarlífi okkar.

Óreiðan er tímabundið ástand sem myndast í millibilsástandi milli þess sem hlutirnir breytast úr einu formi í annað. Laugavegurinn mun finna sinn farveg og röddum hans mun fækka, einhverjar fara á hliðargöturnar og munu halda þar áfram að óma okkur til ama og ánægju. En þangað til það gerist skulum við njóta þessarar einstöku götu sem dregur fram fjölbreytileika okkar sem þjóðar í tíma og rúmi, sem, eins og á að vera í upplýstu og heilbrigðu samfélagi, þrífst á ólíkum gildum og menningu.



Höfundur er stundakennari við Hönnunardeild LHÍ og arkitekt á T.ark.